

Skólaráðsfundur 29. nóv. 2012 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, , Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Ari Páll Karlsson formaður nemendaráðs, Móey Pála Rúnarsdóttir fulltrúi nemanda, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra og Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara.

Forföll boðuðu: Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins og Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra,

Dagskrá fundar:

1. Nýir fulltrúar kennara og annarra starfsmanna

Helga Guðjónsdóttir aðalmaður starfsmanna og Elísabet Jónsdóttir aðalmaður kennara kosnar til vors 2014 og einnig mætti á sinn fyrsta fund Móey Pála fulltrúi nemanda.

2. Niðurstöður samræmdra prófa 2012

Nemendur skólans koma mjög vel út en allir árgangar sem tóku prófin þ.e. 4. – 7. og 10. bekkur eru yfir landsmeðaltali.

3. Fjárhagsáætlun 2013 og Endurnýjun og viðhald 2013

Farið yfir fjárhagsáætlanir deilda innan Lágafellsskóla: leikskóli, grunnskóli og frístund. Áætlun 2013 hljóðar upp á 775 millj. sem er hækkun um 46 % í leikskóladeild, 12% í grunnskólanum og 4% hækkun í frístund frá árinu 2012. Einnig var rennt yfir skiptingu kostnaðar eftir skólum bæjarins og fyrirhugaðar fjárfestingar í bænum á næsta ári. Íhuga þarf að útibúi fyrir næsta ár hjá skólanum en þetta hefur samt ekki verið rætt formlega ennþá.

4. Fréttir frá nemendaráði

Vinaball verður í kvöld. Mikið að gera hjá nemendum í prófum þessa dagana. Almennt finnst nemendum á elsta stigi mikil heimavinna í skólanum og mun meiri en í öðrum skólum bæjarins. Símatíð á elsta stigi veldur því að próf eru oftár á hvorri önn

og orðið hálf íþyngjandi að sögn nemanda í stað þess að hafa bara stór próf tvisvar á ári eins og var áður.

Félagslífið í skólanum eiginlega bara böll, langar að fá kósý kvöld í salnum t.d. bíó á stórum skjá, finnst Bólið ekki jafn spennandi því þar er lítill skjár. Finnst of margir viðburðir í Bólinu skipulagðir af „stjörnuhópum“ en ekki starfsmönnum og höfði atburðir því ekki jafn mikið til nemanda og mæting ekki sem skyldi. Bólið vinsælast meðal 8.bekkinga.

Önnur mál

-Hreingerningarefni svo útpýnt að það hreinsar ekki af borðunum. Þarf að athuga þetta betur.

-Nemendum í 10.bekk finnast tvöfaldir íþróttatímar niður að Varmá fínir, finnst frábært að gert sé ráð fyrir rútutíma í ferðirnar inn í töflunni þeirra.

-10. bekkur hagar sér oft illa í matsalnum og eru t.d. að henda mat hvort annað. Þetta eru örfáir einstaklingar en bitnar á öllum, þetta þarf að laga.

Fundi slitið: 16:35.